

24 skrá stutta skýrslu um þau. Hann setur og reglur um, að hverju leyti 31. maí nota megji sjúk eða heilbrigð líffæri við kenslu læknaefna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

25
31. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 45, 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „ $\frac{1}{2}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{2}$ af landeiganda“ í 4. gr. laganna komi: $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði, en $\frac{1}{3}$ af landeiganda.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Eigi má girða fyrir alfaravegi, ef af því orsakast bagalegur krókur eða ófær leið. Skal sandgræðslan, þegar svo stendur á, annast um hlið, og skal kostnaður af því greiddur af sömu aðiljum sem sandgræðslukostnaður, eftir sömu hlutföllum.

Öllum vegfarendum er skylt að loka hliðum í hvert sinn og um þau er farið, en sæta sektum ella, alt að 50 kr., er uppvíst verður, að hlið er skilið eftir opið, enda skal svo frá hliðum gengið, að auðvelt sje að opna og loka.

3. gr.

25

Á eftir orðunum „50—1000 kr.“ í 15. gr. laganna komi: (sbr. þó 31. maí 9. gr. síðari málsgr.).

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

26

31. maí

um

**heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til
járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár
og til að virkja Urriðafoss.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelinu „Titan“ sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem